

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 21. apríl 2017
2017030029/42-8
TB
jgo/tb

**Umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um 3 MW
Helluvirkjun í Vatnsfirði, Vesturbyggð**

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 20. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkubús Vestfjarða ohf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um 3 MW Helluvirkjun í Vatnsfirði, Vesturbyggð. Í erindi Orkustofnunar kemur fram að gögn í málinu eru bundin trúnaði. Náttúrufræðistofnun samþykkir það að sjálfsögðu en telur engu að síður að umsögn stofnunarinnar eigi að berast til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Umhverfisstofnunar.

Eins og kemur fram í erindi Orkubús Vestfjarða eru öll vatnasvið og framkvæmdasvæði Helluvirkjunar innan friðlandsins í Vatnsfirði og allt land í eigu ríkisins. Í erindi Orkubúsins kemur fram að hafa eigi samráð við þá aðila sem málið varðar s.s. Umhverfisstofnun sem er leyfisveitandi innan friðlandsins. Þetta samráð hefur ekki farið fram samkvæmt umsókninni. Almennt telur Náttúrufræðistofnun að eðlilegt sé að veita rannsóknaleyfi til almennra náttúarfarsrannsókna sem ekki raska náttúrunni þó þær rannsóknir geti verið grundvöllur fyrir framkvæmdir sem síðar leiða til röskunar. Leyfi fyrir slíkum framkvæmdum er þá háð ýmsum lögum og reglum eftir eðli þeirra. Í þessu tilfelli er beinlínis verið að óska eftir því að fá leyfi fyrir rannsóknum sem leiða til framkvæmda sem munu valda raski innan friðlands og munu rýra náttúruverndargildi þess. Þar sem um friðland er að ræða telur Náttúrufræðistofnun að hér sé byrjað á röngum enda með því að biðja um rannsóknaleyfi áður en að samráð hefur farið fram t.d. við Umhverfisstofnun eða umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að framangreint rannsóknaleyfi verið veitt fyrr en fyrir liggur hvort Umhverfisstofnun eða umhverfis- og auðlindaráðuneytið telji eðlilegt að heimila rannsóknir sem eru grunnur að því að reisa virkjun inni í „miðju“ friðlandi. Ef það er ekki vilji fyrir því að reisa virkjun innan friðlandsins er það eyðsla á fjármagni og tíma að heimila virkjunartengdar rannsóknir þar.




Þær rannsóknir sem Orkubú Vestfjarar vísar í vegna „nýrra" aðferða við lagningu þrýstivatnspípu má vafalaust gera á öðrum svæðum.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Afrit: Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun

